

68. fundur

14. ágúst 2015

1002008SA BOH
Málalykill: 524

Fundargerð samstarfsnefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga og Félags kennara og stjórnenda í tónlistarskólum

68. fundur samstarfsnefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga og KÍ vegna Félags kennara og stjórnenda í tónlistarskólum var haldinn fimmtudaginn 14. ágúst 2015 að Borgartúni 30 og hófst hann kl. 09:15.

Mætt voru f.h FT, Sigrún Grendal og Guðbjörg Sigurjónsdóttir, af hálfu SNS mættu Atli Atlason og Bjarni Ómar Haraldsson sem einnig ritaði fundargerð.

Þá var gengið til dagskrár.

1. Erindi er varðar launasetningu kennara sem tók að sér tímabundna skólastjórnun við tónlistarskólann á Ísafirði.

Niðurstaða:

FT lagði fram ný gögn í málinu á síðasta fundi. Í þeim gögnum er staðfest að skólastjóri tónlistarskólans á Ísafirði sem var að fara í námsleyfi fól hlutaðeigandi kennara við skólann, sem er sjálfseignarstofnun, til að vera staðgengil sinn í eitt ár sem síðan var framlengd til 31.12.2014, sbr. grein 6.3 í kjarasamningi aðila. Sjálfseignarstofnuninni ber því að greiða viðkomandi starfsmanni staðgengilslaun.

SNS vekur athygli á því að þegar afleysinga er þörf getur rekstraraðili ráðið tímabundið í starfið og fer þá launaröðun samkvæmt tímabundinni ráðningu en ekki staðgengilslaunum.

FT vekur jafnframt athygli á því að það eitt að gera samning milli aðila rýrir ekki rétt starfsmanna til launagreiðslna skv. ákvæðum kafla 6 um afleysingar og staðgengla í kjarasamningi FT/SNS.

2. Önnur mál

Enginn önnur mál.

Fundi slitið klukkan 10:00